

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017,
Eyvindará, Fljótsdalshéraði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. júlí 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, frá 10. júlí 2002.

Breytingin felst í því að svæði fyrir blandaða landnotkun, landbúnaðarsvæði/íbúðarsvæði, stækkar úr 17 ha í 25 ha og við það breytast reiðleiðir umhverfis svæðið lítillega.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fljótsdalshéraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 3. júlí 2006.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 5. júlí 2006